

## Öryggisblað (MSDS)

Samkvæmt reglugerð UST nr. 750/2008 (REACH)

### 1. Heiti vöru - notkun - innflytjandi/framleiðandi

<b>Vöruheiti:</b>	<b>Öflug Hreinsikvoða (Cetamet W10)</b>	
<b>Vörunúmer:</b>	<b>A103 205010</b>	20 L
	<b>A103 6917860</b>	200 L
	<b>A103 6918348</b>	1000 L
<b>Notkunarvið:</b>	Hreinsiefni	
<b>Framleiðandi:</b>	<b>Senia ehf</b> <b>Skútuvogur 1E</b> <b>104 Reykjavík</b>	
<b>Söluaðili:</b>	<b>N1</b> Dalvegur 10-14 201 Kópavogur 440 1000	
<b>Sími:</b>	440 1000	
<b>Netfang:</b>	<a href="mailto:n1@n1.is">n1@n1.is</a>	
<b>Veffang:</b>	<a href="http://www.n1.is">www.n1.is</a>	

Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222.  
Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

### 2. Hættugreining

Flokkun efnisins skv. tilskipun EB 1907/2006.

Varan telst hættuleg skv. tilskipun 1999/45 með síðari breytingum.

**Varnaðarmerki:** C

**Hættusetningar:** H34

**Áhrif á fólk:** Ætandi. Leitis strax læknis. Bruna á húð verður að meðhöndla svo fljótt sem unnt er.

Sjá einnig 11. og 15. lið.

### 3. Samsetning - upplýsingar um innihaldsefni

Efni:	EB-Nr.	CAS-Nr.	%	Flokkun
2-Bútoxýetanól	203-905-0	111-76-2	<5	Xn; H20/21/22, H36/38
Dínatríummetasílikat	229-912-9	6834-92-0	<5	C; H34,H37
Kalíumhydroxíð	215-181-3	1310-58-3	<5	C; H22,H35

**Athugasemdir:** Sjá texta H-setninga og heiti varnaðarmerkja innihaldsefna í 16. lið.  
Sjá flokkun efnisins í 2. og 15. lið, og H- og V- setningar í 15. lið.

### 4. Skyndihjálp

<b>Almennt:</b>	Öryggisblað skal ávallt vera tiltækt á vinnustað. Tryggið eigið öryggi við hjálparstörf. Tryggið ferskt loft. Veitið öndunaraðstoð, andi sá slasaði óreglulega eða alls ekki. Ef grunur um heilsutjón vaknar skal strax leita til læknis. Sýnið öryggisblaðið. Sé sá slasaði meðvitundarlaus, leggið hann í læsta hliðarlegu og leitið strax læknis. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. Athugið að hættulegt getur verið að nota blástursaðferð ef efnið er eitrað, hættulegt við inntöku eða ætandi. Losið um fatnað sem þrengir að líkama hins slasaða. Gætið þess að ekki þrengi að öndunarvegi.
<b>Inntaka:</b>	Gefið hinum slasaða vatn að drekka. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk. stöðvið vatnsgjöf finni hinn slasaði til ógleði. Framkallið <b>ekki</b> uppköst. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.
<b>Innöndun:</b>	Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Leitið læknis ef einkenni hverfa ekki fljótt.

**Snerting við húð:** Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægjið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leiðið læknis ef erting er viðvarandi.

**Snerting við augu:** Skolið varlega með miklu vatni. og haldið augum vel opnum. Fjarlægjið augnlinsur fyrir skulun. Leiðið læknis ef erting myndast.

## 5. Bruni - slökkviaðgerðir

**Almenn viðbrögð:** Fjarlægjið umbúðir af eldstað ef mögulegt er, kælið annars með vatnsúða. Gætið þess að efni frá slökkvistarfi og mengað vatn berist ekki í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið. Efnið er ekki eldfimt.

**Slökkvibúnaður:** Slökkviduft, alkóhólþolin froða, vatnsúði eða koldíoxíð.

**Sérstakur hlífðarbúnaður:** Notið viðeigandi hlífðarbúnað við slökkvistörf.

## 6. Efnaleki

**Öryggisráðstafanir:** Notið viðeigandi persónuhlífar, sbr. 8.lið. Tryggið góða loftræstingu. Haldið fólki fjarri. Stöðvið lekann, sé það unnt án áhættu. Forðist snertingu við efnið. .

**Ráðstafanir v. umhverfis:** Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn, jarðveg eða lokuð rými. Gerið Umhverfisstofnun strax viðvart (5912000) verði slíkt óhapp.

**Hreinsunaraðferðir:** Hleypið alls ekki út í umhverfið. Notið óbrennanleg ísogsefni svo sem jarðveg, sand eða sambærileg efni. Setjið í þar til gerð ílát og fargið sbr. 13.lið.

## 7. Meðhöndlun og geymsla

**Meðhöndlun:** Fylgið almennum ráðstöfunum og takmörkunum sem tíðkast við meðhöndlun varasamra efna. Tryggið góða loftræstingu. Notið viðeigandi persónuhlífar. Forðist innöndun gufu, úða eða ryks. Forðist snertingu við húð og augu. Neytið ekki fæðu, né reykið á stöðum þar sem efnið er notað eða geymt. Notið viðeigandi persónuhlífar skv. grein 8.

**Geymsla:** Geymið í vel luktum umbúðum við herbergishita á þurrum, vel loftræstum stað. Neytið einskis í námunda við efnið. Geymist þar sem börn ná ekki til. Æskilegt geymsluhastig 5-25° C. Ætandi efni. Geymið fjarri sýrum.

## 8. Takmörkun váhrifa - persónuhlífar

**Viðmiðunarmörk váhrifa:**

Efni:	CAS númer	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3
2-Bútoxýetanól	111-76-2	20	100	50	246
Kalíumhydroxíð	1310-58-3	-	-	-	2

**Almennar ráðstafanir:** Tryggið fullnægjandi loftræstingu. Nauðsynlegt kann að reynast að fylgjast með mengunarmörkum efnisins og gæta þess að þeim sé haldið.

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins innan mengunarmarka.

**Ráðstafanir vegna hreinlætis:**

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið margaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskol og sturtur séu nærri vinnusvæði.

**Öndunarfæri:** Forðist innöndun gufu með góðri loftræstingu og vinnuvenjum.

**Hendur:** Við merðferð efnavara skal að jafnaði nota efnapolna, gegnstreymisvarða hanska af viðurkenndri gerð.

**Augu:** Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð, sé þörf á að forðast slettur, úða, eða ryk.

**Húð:** Veljið hlífðarbúnað með tilliti til verkefnisins og gætið þess að hann hæfi aðstæðum.

**Umhverfi:** Gætið þess að útblástur frá loftræstibúnaði uppfylli kröfur um mengunarvarnir. Nauðsynlegt kann að reynast að nota hreinsunarbúnað, t.d. síur til að tryggja það.

---

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

---

Eðlisástand:	Vökvi
Lykt:	Lítil, einkennandi fyrir lífræn leysiefni.
Litur:	Blár
Sýrustig (pH):	13,2
Suðumark:	>100°C
Bræðslumark:	< 0°C
Blossamark:	-
Sjálftendrun::	Ekki er hætt á sjálftendrun.
Eðlismassi:	1,11 g/cm <sup>3</sup>
Vatnsleysni:	Leysanlegt í öllum hlutföllum.

---

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

---

Stöðugleiki:	Stöðugt við venjulegar aðstæður.
Efni sem ber að varast:	Sýrur.
Hættuleg niðurbrotsefni:	Við venjulegar notkunaraðstæður myndast engin hættuleg niðurbrotsefni.

---

## 11. Eiturfræðilegar upplýsingar

---

Eitrunaráhrif:				
Efni:	CAS númer	Inntaka	Húð	Innöndun
		LD50	LD50	LC50/4 klst
Natríumhydroxíð lausn	1310-73-2	2000 mg/kg (rotta)		

Innöndun:	Við mikinn styrk getur gufa valdið ertingu í öndunarvegi og hósta.
Inntaka:	Getur valdið ætingu í munni, koki, vélinda og maga. Skaðlegt við inntöku.
Snerting við húð:	Ætandi.
Snerting við augu:	Veldur mjög mikilli ertingu og sviða í augum og slím- og hornhimnum. Getur valdið skertri sjón eða blindu.

---

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

---

Hreyfanleiki/dreifing:	Efnið er leysanlegt í vatni og má ekki berast í niðurföll, jarðvatn eða jarðveg.
Þrávirkni og niðurbrot:	Brotnar hægt niður í náttúrunni.
Hugsanleg uppsöfnun í lífverum:	Ekki talið hættulegt vatnalífverum.

---

## 13. Förgun

---

Vara:	Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Tómar umbúðir eða innra lag þeirra geta innihaldið leifar efnisins. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku.
Umbúðir:	Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og efnið sjálf.  Reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang, flokkast efnið og leifar þess sem : 06 02 04 (natríum og kalíum hýdroxíð)

## 14. Flutningar

### ADR

UN Númer 1814  
Efnisheiti v. flutninga: POTASSIUM HYDROXIDE, SOLUTION  
KALÍUMHYDROXÍÐLAUSN  
Hættuflokkur: 8 (C5)  
Pökkunarflokkur: III  
Hættumerking: 80



### IATA:

UN Númer 1814  
Efnisheiti v. flutninga: POTASSIUM HYDROXIDE, SOLUTION  
Hættuflokkur: 8 (C5)  
Pökkunarflokkur: III



### IMDG:

UN Númer 1814  
Efnisheiti v. flutninga: POTASSIUM HYDROXIDE, SOLUTION  
Hættuflokkur: 8 (C5)  
Pökkunarflokkur: III  
Sjávarmengandi: Nei



## 15. Lög, reglugerðir og merkingar

Varnaðarmerkingar eru samkvæmt reglugerð 236/1990 með síðari breytingum og upplýsingum frá framleiðanda. Innihaldsefni uppfylla kröfur reglugerðar nr. 750/2008 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir. (REACH).

Flokkun efnisins skv. tilskipun EB 1907/2006.

Varnaðarmerki:



Ætandi

Hættusetningar: H34 Ætandi

Varnaðarsetningar: V2 Geymist þar sem börn ná ekki til  
V26 Berist efnið í augu skal strax skola vandlega með miklu vatni og leita læknis  
V37/39 Notið viðeigandi hlífðarhanska og hlífðargleraugu/andlitsgrímu

## 16. Aðrar upplýsingar

Varan er skráð hjá Eitrunarmiðstöð LSH.

Texti allra hættusetninga sem vikið er að í liðum 2. og 3. á þessu öryggisblaði:

H34 Ætandi  
H35 Mjög ætandi

Hættuflokkun sem vikið er að í liðum 2. og 3. á þessu öryggisblaði:

C - Ætandi

Útgáfa: 2  
Dags: 20.03.2011

Öryggisblað þetta er unnið af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efnisiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á byrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild: ÁSGEIR SIGURDSSON ehf. Cetamet W10  
Útgáfudags: 23.12.2003